

Aðalfundur Fálkaseturs Íslands

fundargerð

Aðalfundur Fálkaseturs Íslands var haldinn miðvikudaginn 27. nóvember 2013 og hófst hann kl. 21:00. Fundurinn var haldinn í Gljúfrastofu á Norðursvæði Vatnajökulsþjóðgarðs. Mættir voru 15 félagar.

1. Setning, kosning fundarstjórna

Hjörleifur setti fund og bauð fundarmenn velkomna. Hann lagði fram tillögu um að Þorkell Lindberg Þórarinnsson yrði fundarstjóri. Tillagan var samþykkt.

2. Skýrsla stjórnar

Hjörleifur formaður flutti skýrslu stjórnar. Haldnir voru 4 stjórnafundir á árinu og fór mikil vinna í það að afla styrkja til starfsins án verulegs árangurs. Heimasíðunni er haldið úti og lágmarks þjónusta við hana því ekki eru fjármunir til að búa hana úr garði með nýjum fréttum og auknu efni eins og stjórn hefði kosið. Sérstaklega er aðkallandi að þýða síðuna á ensku því mikill markaður er fyrir efni af þessu tagi út um heim og hugsanlega tekjumöguleikar fyrir setrið ef unnið er vel að slíku.

Styrk frá Vinum Vatnajökuls var skilað þar sem hann dugði ekki nema mjög takmarkað til að koma upp sýningaaðstöðu í Gljúfrastofu. Stjórnin taldi nauðsynlegt að vanda sýningaraðstöðu og fá til þess hæfa hönnuði við að skipuleggja sýninguna samkvæmt áætlun sem fylgdi umsókninni. Betra væri að skila styrknum og sækja um að nýju í þeirri von að meira fengist síðar svo hægt væri að koma upp verðugri sýningu í Gljúfrastofu.

Sótt var um styrki í Náttúrverndarsjóð Pálma og Vaxtasamning Norðausturlands (VAXNA). Ekki fengust framlög úr sjóðunum að þessu sinni.

Áfram var haldið samvinnu við Þjóðgarðinn um sérstakar gönguferðir með landvörðum á fálkaslóðir. Í því skyni hélt Aðalsteinn námskeið fyrir landverði sem annast leiðsögn í ferðunum. Farnar voru 7 ferðir og tóku 36 áhugamenn þátt í þeim. Fjarsjá Fálkasetursins kemur sér vel í þessum ferðum. Ekki var varp í þekktum óðulum í þjóðgarðinum sumarið 2013 en engu að síður er brýnt að halda áfram að bjóða upp á þessar ferðir því aðstæður til skoðunar eru góðar í þjóðgarðinum þegar vel er að þeim staðið og þess gætt að stýggja ekki fuglinn sem kominn er með stálpaða unga síðast í júní þegar ferðirnar hefjast.

Í tengslum við aðalfund og í samstarfi við Fuglastíg flutti Aðalsteinn Snæþórsson erindi sem hann nefndi *Sumar í lífi rjúpunnar*.

3. Reikningar

Sverrir gjaldkeri kynnti reikninga. Þar sem ekki tókst að ná til skoðunarmanna samþykktu fundarmenn að þeir yrðu bornir upp með fyrirvara um samþykki skoðunarmanna. Reikningarnir voru samþykktir samhljóða.

5. Kosning stjórnar

Halldór Valdimarsson gaf ekki kost á sér til stjórnarsetu og Guðlaugur Benedikt Aðalsteinsson gaf aðeins kost á sér sem varamaður. Borin var upp tillaga að eftirfarandi stjórn og var hún samþykkt samhljóða: Hjörleifur Finnsson formaður (tilnefndur af Vatnajökulsþjóðgarði), Aðalsteinn Örn Snæþórsson varaformaður (tilnefndur af Náttúrustofu Norðausturlands), Sverrir Thorstensen, Ari Páll Pálsson og Jón Halldór Guðmundsson. Varamenn, Ólafur Karl Nielsen (tilnefndur af Náttúrufræðistofnun Íslands), Guðlaugur Benedikt Aðalsteinsson og Sólveig Sigurðardóttir. Skoðunarmenn reikninga Halldór Valdimarsson og Pétur Halldórsson.

Tillagan var samþykkt samhljóða.

6. Nýir félagar:

Eftirtaldir fundarmenn gengu í félagið á aðalfundi:

Gunnar Jóhannesson

Karl Sveinsson

Sif Jóhannesdóttir

Guðmundur Örn Benediktsson

Hermann Bárðarson

Yann Kolbeinsson

7. Önnur mál

Líflegar umræður urðu um leiðir til að auka veg Fálkasetursins t.d. með því að sækja um erlenda styrki og koma á frekari samböndum í því skyni, setja upp myndavél við hreiður o.fl..

Vegna fjárskorts er erfitt að koma traustum grunni undir setrið. Helsta verkefni stjórnar verður því áfram að afla fjár.

Fleira ekki gert og fundi slitið.

Halldór Valdimarsson ritari